

Fyrirhugaður flutningur efnagreininga til Matís ohf.

Efnagreiningar hafa sinnt margþættu hlutverki á sviði umhverfisefnafræðilegra og iðnefnafræðilegra verkefna í þéttu samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, háskólasamfélög og sveitarfélög. Verkefnin hafa bæði verið keypt verkefni að hluta eða öllu leyti og rannsóknaverkefni styrkt af innlendum og erlendum rannsóknasjóðum í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki. Þetta hlutverk Efnagreininga hefur falið í sér verkefnastjórnun, efnagreiningar, ráðgjöf, úrvinnslu gagna, túlkun og skýrslugerð. Áratuga löng reynsla við utanumhald stærstu umhverfisvöktunar verkefna Íslands og þjónustu við stóriðju landsins er innan deildarinnar.

Í greinagerð sem fylgir frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun er tekið fram að „Verkefni Efnagreininga flytjist til Matís ohf. í þeim tilgangi að ná fram aukinni samþættingu í þjónustumælingum og uppfæra ferla í samræmi við alþjóðlegar gæðakröfur.“ Rétt er að innleiða megi gæðakerfi það sem nú er til staðar hjá Matís fyrir þá þjónustu sem Efnagreiningar hafa boðið. Einnig gæti orðið einhver samnýting á starfsfólki og tækjum. En fyrirvara þarf að hafa á því að það svið atvinnulífs og rannsókna sem Efnagreiningar hafa sinnt er talsvert ólíkt Matís ohf. Sama má segja um aðferðir, tegundir sýna og nauðsynlega sérþekkingu starfsmanna. Því er mikilvægt til að starfsemi Efnagreininga þrífist hjá Matís að starfssvið fyrirtækisins verði víkkað út í lögum til þess rýma svið umhverfisefnafræði.

Við leggjum til að það sé gert með eftirfarandi breytingum á frumvarpinu:

Við 13. grein laganna bætist þriðji liður:

3. Lög um stofnun Matvælarannsóknna hf., nr. 68/2006

- a. Við 1.mgr. 1.gr, bætist við setningin „Ríkisstjórninni er heimilt að setja rekstur Efnagreininga Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands undir Matís ohf. frá og með 1.1.2021.“
- b. Við 1.mgr.2.gr. sé bætt orðinu „og umhverfis“ og verði „Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla og umhverfis í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi.
- c. Við 7. gr. Sé bætt orðunum „og umhverfisrannsóknna“ í fyrstu setningu og „og mengunareftirlits“ í aðra setningu. Greinin mun þá verða: „Matvælarannsóknnum hf. er skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu á sviði matvæla- og umhverfisrannsókna í þágu landsmanna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Félaginu er skylt að framkvæma rannsóknir vegna matvæla- og mengunareftirlits á vegum hins opinbera eftir því sem nánar kveður á í samningi.“

Þessar breytingar myndu staðfesta og tryggja hlutverk Efnagreininga innan Matís, gera grunn Matís sterkari og búa til öfluga miðstöð fyrir rannsóknir og nýsköpun á sístækkandi sviði umhverfismála.

Varðandi greinagerð

Við óskum þar að auki eftir því að eftirfarandi texta verði bætt við greinagerð sem fylgir frumvarpinu til þess að verkefnasvið Efnagreininga verði lýst á raunsannari hátt og gefi betur innsýn í starf hennar. Það eykur skilning á hlutverki deildarinnar, sem er forsenda fyrir ákvarðanatöku um afdrif hennar.

2.4.1.3. Efnagreiningar.

Efnagreiningar hafa sinnt margþættu hlutverki á sviði umhverfisefnafræðilegra og iðnefnafræðilegra verkefna í þétu samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, háskólasamfélag og sveitarfélög. Verkefnin hafa bæði verið þjónustuverkefni að hluta eða öllu leyti og rannsóknaverkefni styrkt af innlendum og erlendum rannsóknasjóðum í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki. Þetta hlutverk hefur falið í sér verkefnastjórnun, efnagreiningar, ráðgjöf, úrvinnslu gagna, túlkun og skýrslugerð.

3.1.4. Efnagreiningar.

Það svið Nýsköpunarmiðstöðvar sem kallast Efnagreiningar býður upp á margþætta starfsemi á sviði umhverfisefnafræði og iðnefnafræði. Efnagreiningar hafa sinnt fjölþættu hlutverki á sviði umhverfisefnafræðilegra og iðnefnafræðilegra verkefna í þétu samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, háskólasamfélag og sveitarfélög. Verkefnin hafa bæði verið verkefni unnin fyrir hagaðila og rannsóknaverkefni styrkt af innlendum og erlendum rannsóknasjóðum. Þetta hlutverk hefur falið í sér verkefnastjórnun, efnagreiningar, ráðgjöf, úrvinnslu gagna, túlkun og skýrslugerð.

Verði frumvarpið að lögum þá verði það einnig haft í öndvegi að ekki verði hnökrar á yfirfærslu verkefnasviða Efnagreininga svo viðskiptavinir og skjólstaðingar deildarinnar hljóti ekki tjón af fyrirhugðum breytingum.

F.h. starfsmanna Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands